

## REGLUGERÐ

### um gjalddöku embættis landlæknis fyrir úttektir og staðfestingar á að faglegar lágmarkskröfur séu uppfylltar og úrvinnsla og afhendingu upplýsinga úr heilbrigðisskrám.

#### I. KAFLI

##### Úttektir og staðfestingar.

###### 1. gr.

###### *Staðfesting á rekstri heilbrigðisþjónustu.*

Embætti landlæknis innheimtir gjald fyrir úttekt og staðfestingu á því að faglegar kröfur séu uppfylltar og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf, sbr. 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu, samkvæmt reglugerð um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur, nr. 786/2007, samkvæmt liðum a-f:

- |  |             |
|--|-------------|
| a. Stofurekstur, umsýslugjald á hverja stofu heilbrigðisstarfsmanns  | 9.735 kr.   |
| Fyrir úttektir skal greitt samkvæmt reikningi sem embætti landlæknis gefur út að lokinni úttekt ásamt tímaskýrslu um fjölda vinnustunda. Gjaldið verður þó eigi hærra en því sem nemur að hámarki: |             |
| b. Skurðstofurekstur utan sjúkrahúss   | 70.400 kr.  |
| c. Hjúkrunarheimili  | 176.000 kr. |
| d. Heilsugæslustöðvar  | 176.000 kr. |
| e. Umdæmissjúkrahús  | 528.000 kr. |
| f. Sérgreinasjúkrahús  | 880.000 kr. |

#### II. KAFLI

##### Úrvinnsla og afhending upplýsinga úr heilbrigðisskrám.

###### 2. gr.

###### *Sérvinnslur.*

Embætti landlæknis innheimtir gjald sem nemur kostnaði við úrvinnslu og afhendingu upplýsinga úr heilbrigðisskrám samkvæmt reglugerð um heilbrigðisskrár nr. 548/2008 og er gjald fyrir hvern klukkutíma 9.055 kr.

#### III. KAFLI

##### Ýmis ákvæði.

###### 3. gr.

###### *Ferðakostnaður.*

Þegar erindi sem embætti landlæknis tekur að sér útheimtir ferðalög af hálfu starfsmanna þá innheimtir embættið ferða- og uppihaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

###### 4. gr.

###### *Innheimta.*

Eindagi gjalda samkvæmt reglugerð þessari er 45 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

###### 5. gr.

###### *Lagastoð.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 6. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr. og 7. mgr. 8. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu og 6. mgr. 26. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.

6. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 29. febrúar 2016.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

---

*Margrét Björnsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 15. mars 2016